

## Sveitarstjórnarfundur 4. júlí 2021

Föstudaginn 4. júlí 2021 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 32. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi. Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Eva K. Reynisdóttir, Bjarni Þórisson, Margrét Bjarnadóttir og Halldór Logi Friðgeirsson.

Oddviti setti fund kl. 20:00. Eva Katrín Reynisdóttir ritar fundargerð á tölvu.

Oddviti leitar afbrigða og tekur lið 4: Erindi Veðskuldabréf nr. 750902

### Dagskrá 31. fundar:

1. Fundargerð 31. sveitarstjórnarfundar 25.06.2021.
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrar fundargerðir
4. Ársreikningur 2020 – Seinni umræða
5. Veðskuldabréf nr. 750902

### Fundargerð:

#### 1. Fundargerð 31. sveitarstjórnarfundar 25.6.2021

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

#### 2. Fundargerðir nefnda

#### 3. Aðrar fundargerðir

- a. SÍS, 96. fundur Samstarfsnefndar og Kennarasambands Íslands, 05.05.2021. Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- b. SÍS, 99. fundur Samstarfsnefndar og Kennarasambands Íslands, 15.06.2021. Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

#### 4. Ársreikningur 2020 – Seinni umræða

Ársreikningur Kaldrananeshrepps vegna ársins 2020 lagður fram til síðari umræðu. Rekstrarniðurstaða A hluta sveitarsjóðs er jákvæð 18,4 milljónir og A og B hluta jákvæð um 21,4 milljónir. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2020 nam 312,2 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi en eigið fé A hluta nam 326,4 millj. króna.

Ársreikningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða.

#### 5. Veðskuldabréf nr. 750902

Sveitarstjórn tók til skoðunar Veðskuldabréf nr. 750902 hjá Byggðastofnun og í ljósi óhagstæðra kjara ákveður sveitarstjórn að greiða það upp. Lánið stendur í 7.827.811 kr. og er 1% uppgreiðslugjald.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið 22:00